

## Ný stjórn nýrnalækna

Í nýrri stjórn Félags íslenskra nýrnalækna eru **Margrét Árnadóttir** formaður, **Viðar Örn Eðvarðsson** gjaldkeri og **Hrefna Guðmundsdóttir** ritari. Endurskoðandi félagsins er **Porvaldur Magnússon**.

## Ný stjórn þvag- færaskurðlækna

Aðalfundur Félags íslenskra þvagfæraskurðlækna var haldinn 5. mars síðastliðinn. Þar var félaginu kjörin ný stjórn en fráfarandi stjórn baðst undan endurkjöri. Nýja stjórnin er þannig skipuð: **Guðmundur Geirsson** formaður [gug@landspitali.is](mailto:gug@landspitali.is), **Guðjón Haraldsson** ritari [guðjonhar@landspitali.is](mailto:guðjonhar@landspitali.is) og **Baldvin Þ. Kristjánsson** gjaldkeri [baldvin@landspitali.is](mailto:baldvin@landspitali.is). Varamenn í stjórn eru **Valur Þór Marteinsson** [valmart@fsa.is](mailto:valmart@fsa.is) og **Hafsteinn Guðjónsson** [hafsteinn@fsa.is](mailto:hafsteinn@fsa.is).



Það var bræla og súld þegar Védís Skarphéðinsdóttir, Lars-Einar Floman heiðursritstjóri finnska blaðsins og Vilhjálmur Rafnsson stigu á eitt af skrilljón skerjum í finnska skerjagarðinum. Herrarnir klæðast treyjum í boði Finnanna. – Myndir: Álfheiður Steinþórsdóttir og Vilhjálmur Rafnsson.

Finnska blaðið er mjög samvinnuð læknafélaginu, norska blaðið er mjög öflugt og frískt, ekki síst á netinu, sænska blaðið hefur siglt hægan byr um árabíl peningalega en nú sjá þau fram á breytta tíma og niðurskurð þareð auglýsingum í blaðinu hefur snarfækkað, Danir eru rétt komnir útúr miklum ógöngum og þurftu að horfast í augu við gagngerar sparnaðarráðstafanir.

Blöðin eru eðli málsins samkvæmt nokkuð forn í lund, þó allsstaðar hafi bylgju nýrrar tækni skolað að landi. Blöðin eru öll á netinu og upplýsingastreymið er löngu orðið að ógnar flóði. En markmið blaðanna hefur haldist óbreytt: að efla og yrkja læknávisindin, koma rannsóknum á framfæri og halda læknum upplýstum og vel menntuðum eftir að úr skóla er komið.



## Bíll með rómantíska læknasögu

**Willys Overland 4 x 4**  
árgerð 1959 til sölu.  
Bíllinn er eins og nýr.

Upplýsingar í síma 898 8577.